



REGLUR UM LAUN HJÁ HVALFJARÐARSVEIT TIL  
SVEITARSTJÓRNARFULLTRÚA OG FYRIR SETU Í NEFNDUM.

---

**1. Laun sveitarstjórnarfulltrúa**

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Hvalfjarðarsveitar skulu vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna ( 630.025 kr. ):

Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	16 % ( 100.804 kr. )
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	7 % ( 44.102 kr. )

Fundir:

Oddviti sveitarstjórnar	3 % ( 18.901 kr. ) fyrir hvern fund.
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	2 % ( 12.601 kr. ) fyrir hvern fund.
Varamenn í sveitarstjórn	3 % ( 18.901 kr. ) fyrir hvern fund.

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnu utan Hvalfjarðarsveitar samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 2 % ( 12.601 kr. ) af þingfararkaupi fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Hvalfjarðarsveitar utan sveitarfélagsins kílómetragjald samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og samkvæmt útfylltri akstursdagbók. Oddviti sveitarstjórnar fær fastann bifreiðarstyrk á mánuði að upphæð 10.000 kr.

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá greiddar 2.500 kr. á mánuði fyrir símanotkun.

Laun sveitarstjórnarfulltrúa skulu greidd mánaðarlega.

Oddviti sveitarstjórnar skal slysatryggður skv. almennri slysatryggingu.

**2. Laun fyrir setu í nefndum**

Laun nefnda skulu vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna ( 630.025 kr. )

Formenn nefnda fá greitt 3 % ( 18.901 kr. ) fyrir hvern fund. Formenn nefnda fá greiddar 2.500 kr á mánuði fyrir símanotkun.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 2 % ( 11.345 kr. ) fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af sveitarstjórn.

Skólastjóri leik- og grunnskóla, leikskólakennarar, grunnskólakennarar og aðrir þeir fulltrúar sem lögum samkvæmt er skylt að hafa til staðar á fundum fræðslu- og skólanefndar fá greitt 1 % ( 6.300 kr. ) fyrir hvern fund.


Nefndarlaun skulu greidd fjórum sinnum á ári, 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember og miðast við framlagðar fundargerðir.

### 3. Önnur réttindi

Greitt er 8 % mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð. Ekki er greitt mótframlag vegna greiðslu í séreignarsjóð.

Framangreindar fjárhæðir miðast við gildandi þingfararkaup 1. mars 2013 og taka breytingum samkvæmt ákvörðun Alþingis um þingfararkaup.

Hvalfjarðarsveit, 6.3.2014



Laufey Jóhannsdóttir  
sveitarstjóri